

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 — 1979

Nr. 297.

598

17. júlí 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

1. gr.

Aftan við 11. gr. reglugerðarinnar komi svohljóðandi grein:

Ákvæði til bráðabirgða:

Frá og með 17. júlí 1979 skal stjórn Fiskveiðasjóðs ekki veita lán eða lánsloforð til smíða eða kaupa á fiskiskipum frá útlöndum nema með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins eða um sé að ræða lán til minni háttar breytinga á fiskiskipum eða til þess að fjármagna eðlilegar verðhækkanir á áður samþykktum smíðasamningum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. júlí 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Jón B. Jónasson.